

## **Mat á verkjum og færniskerðingu vegna einkenna frá öxl (Shoulder Pain and Disability Index -SPADI)**

### **Lýsing:**

SPADI er spurningalisti í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn spyr um verki og seinni hlutinn um færni. Verkjahlutinn samanstendur af fimm spurningum sem ætlað er að meta hversu miklir verkir einstaklingsins eru. Færni er metin með átta spurningum sem ætlað er að meta hversu mikla hömlun viðkomandi hefur við mismunandi athafnir daglegs lífs sem krefjast þess að handleggur er notaður.

### **Markhópur:**

Einstaklingar með verki og færniskerðingu í öxl.

### **Tími:**

5 – 10 mín.

### **Útbúnaður:**

Spurningalisti.

### **Niðurstöður:**

Stig fyrir hverja spurningu eru merkt á 11 punkta kvarða (0 – 10). Í verkjahlutanum stendur 0 fyrir „engin verkur“ og 10 fyrir „óbærilegir verkir“. Í færnihlutanum stendur 0 fyrir „ekki vandamál“ og 10 fyrir „gat ekki framkvæmt án aðstoðar“. Stig úr hvorum hluta fyrir sig eru lögð saman og deilt í með mögulegum heildarstigum.

Hærra skor endurspeglar meiri verki og færniskerðingu.

### **Heimildir:**

Roach KE, Budiman-Mak E og féll. Development of a shoulder pain and disability index. Arthritis Care Res 1991;4:143-9. <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/11188601>  
Breckenridge JD, McAuley JH. Shoulder pain and disability index (SPADI). J Physiotherapy, 2011;57(3):197. <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/21843839>